

Sandkorn

Árshátíðarblað Grunnskólans í
Sandgerði 2018



Vöxtur—virðing—vilji—vinátta



Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stiflupjónusta

-Hitamyndavél



pipulogn@pipulogn.is

pipulogn.is



agseafood@agseafood.is

(+354)4217900

Efnisyfirlit

Sandkorn 2018.....	4
Kveðja frá gömlum umsjónarkennara.....	5
Vorferð 9. ÖÆH.....	6
Snapparinn.....	8
Lífið eftir grunnskólann.....	9
Fréttir úr skólastarfi.....	10
Kennarar GS.....	12
Hversu vel þekkir þú vin þinn? 7. bekkur.....	13
Við munum.....	14
Framtíðarspáin.....	17
Hversu vel þekkir þú vin þinn? 10. bekkur.....	20
Hversu vel þekkir þú vin þinn? 8. bekkur.....	21
Hversu vel þekkir þú systur þína?.....	22
Kærustuparið.....	22
Hver segir hvað.....	23
Hversu vel þekkir þú vin þinn? 9. bekkur.....	25
Myndir.....	27

Útgáfa Sandkorns 2018

Emilía Hildur Elfarsdóttir

Hildur Helma Atladóttir

Skúli Guðmundsson

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir

Kveðja frá gömlum umsjónarkennara

Haft var samband við mig fyrir nokkru og ég beðin um að skrifa nokkur orð um gamla frábæra flotta bekkinn minn. Þegar ég byrjaði að kenna í Grunnskólanum í Sandgerði þá var teymiskennsla í 4. og 5. bekk og voru sum ykkar í bekk hjá mér, aðrir voru hjá Fríðu eða Sif. Það var svo í 5. bekk að þið voruð öll sameinuð í einn bekk og ég var umsjónarkennari ykkar allra og vorum við saman þar til þið kláruðuð 7. bekk.

Þegar ég hugsa um þessi 3 -4 ár sem ég átti með ykkur kemur bros á vör og mér hlýnar í hjartanu. Þetta voru góðir tímar. Í 5. bekk var Villa með okkur og það er alveg klárt mál að við vorum alltaf með langflottustu skreytingarnar, skipti engu máli hvort við erum að tala um jólaskreytingar, bekkjarsáttmála, gluggaskreytingar á vorin eða fyrir Sandgerðisdaga við vorum alveg með'etta.

Vinnufriður var kennaranum ykkar mjög mikilvægur og þegar honum fannst vinnufriðurinn vera að fjara út átti hann til að kalla yfir bekkinn "HEY" og þá heyrðist í Villu "gras" og ég heyri flissið í henni þegar þetta er skrifað 😊 öllum fannst þetta alltaf jafn fyndið, það er alveg óhætt að segja að við gátum alltaf hlegið og haft gaman.

Í minningunni var stemningin í bekknum alveg einstök, við settum alltaf markmiðið hátt og vorum mjög vinnusöm og allir vildu gera sitt allra besta en samt sem áður var alltaf gleði yfir hópnum og við vorum góð við hvort annað. Við vorum dugleg að verðlauna okkur þegar vel gekk og við náðum markmiðum okkar. Þá var slegið upp kósýdegi þar sem við horfðum á mynd og poppuðum, bakaðar voru ófáar skúffukökurnar og jafnvel slegið upp kökuhlaðborði.

En það var ekki bara sjálft námið sem við lögðum okkur fram við, þegar við áttum að vera með atriði á jólaskemmtun eða árshátíð, þá var sko öllu tjaldað til og þá var gaman. Hver man ekki eftir jólaatriðinu okkar í 5. bekk þegar við dönsuðum og sungum við lag Justins Biber "Baby" og við sungum jóla jóla jóla snjóóór jóla jóla jólaskóóór 😊 þið voruð svo flott og gerðuð þetta svo vel. Í 6. bekk gerðum við svo kennaragrín sem vakti mikla lukku, enda frábær leikur á ferð og þið nösk að sjá spaugilegu hliðarnar á okkur kennurunum, dálítið ýktar að vísu en það má stundum. Ég meina hver man ekki eftir smíðakennaranum sem pússaði og pússaði 😊 Í 7. bekk gerðum við svo annað video, með allskonar sem ykkur fannst fyndið, coco puffs fékk að fljúga yfir mig við undirleik I'm in love with the coco, hressir og kátir krakkar ælandi og spúandi kanil og svo virðulegir kennarar að twerka og syngja svo eitthvað sé nefnt. Það var svo mikill hugur í ykkur að þið ætluðuð að reyna að fá Steinda til að koma og vera í videoinu ykkar sem hann gat því miður ekki en hann tók upp kveðju til ykkar sem þið settuð í videoið og gerði þetta video keppnis, þess má geta að þetta video lifir enn góðu lífi á youtube.

Orðin sem koma uppí hugann ef ég ætti að lýsa þessum bekk eru metnaður, gleði, þrautseigja og vinnusemi.

Er ofboðslega þakklát fyrir þennan tíma sem ég átti með ykkur og mikið sem mér fannst erfitt að skila ykkur af mér því þið eruð best, bestasti bekkurinn, best fyrir Sandgerði, best fyrir Valgerði.

Ykkar fyrrum kennari

Vala (aka Vala Grand)



Vorferð 9. ÖÆH

9.ÖÆH vorferð

(Árgangur 2002)

Mánudagsmorguninn 30. maí hoppuðum við 9.bekkur upp í rútu og lögðum af stað í svakalegustu vorferð í heimi. Rútuferðin var skemmtileg við hlustuðum á góða tónlist (hún var góð þá) og töluðum mikið saman. Við byrjuðum á því að fara í Hveragerði og fá okkur þínu að borða. Eftir það fórum við í fullt af skemmtilegum leikjum, þrátt fyrir mikla rigningu skemmtum við okkur mjög vel. Við fórum svo í zipline yfir Varmá og það var mjög gaman en sumir voru mjög lofthræddir og þorðu varla yfir ána. Eftir það fengum við okkur Dominos pizzu.


Eftir matinn fórum við á Hestaleiguna Sólhesta þar sem við fórum á hestbak. Við fórum svo í útreiðartúr með leiðsögn og það var skrautlegt því hestarnir okkar vildu ekki hlíða okkur þannig að sumir fóru þínu upp á fjall og byrjuðu að hlaupa en það var bara gaman. Eftir reiðtúrinn fórum við í paintball. Það var vont að fá kúlur í sig en samt geggjað gaman. Við fórum í fullt af leikjum í paintball áður en við fórum upp í rútu og fórum í Hjarðarból sem er staðurinn sem við gistum fyrstu nóttina. Við fengum snúða og okkur var skipt okkur í herbergi. Eftir kvöldmat fengum við þínu frítíma og notuðum hann í að fara öll saman í þínu lítinn heitapott, við vorum í kremju en samt var alveg fjör. Við fórum svo flest inn í herbergið hjá Birtu, Hildi Helmu, Hildi Ýri og Maríu Rós og vorum bara að dansa og syngja.




Daginn eftir fengum við okkur morgunmat í Hjarðarbóli áður en við fórum að túristast smá við Seljalandsfoss. Þar tókum við nokkrar túristamyndir. Eftir það lá leiðin til Landeyjahafnar því við ætluðum að eyða næstu tveimur dögum í Vestmannaeyjum. Þegar við komum til Eyja löbbaðum við á Hótel Hamar, hótelið sem við gistum á. Á meðan við vorum í Eyjum fórum við í sund og föttuðum að það voru þrjár aðrir skólar úr bænum í vorferð líka. Við stelpurnar föttuðum líka að það var mjög mikið af sætum strákum og var mikið talað um það. Við fórum líka oft út að borða og staðurinn sem stóð mest upp úr var 900 Grillhús. Það voru líka farnar nokkrar nammiferðir í Bónus þar sem sumir fengu þá frábæru hugmynd að kaupa líka orkudrykki. Sú hugmynd entist ekkert svakalega lengi sem góð hugmynd því Örn Ævar og Hulda Lind sáu þá og tóku alla orkudrykkina af okkur en sumir voru sniðugri en aðrir og földu þá og drukku þegar Örn Ævar og Hulda Lind sáu ekki. Við löbbaðum upp á eldfjallið og fórum á safn sem var ekkert rosalega skemmtilegt þegar okkur langaði bara að vera í sundi en við lifðum það af. Eftir gönguna og safnið fórum við á Canton sem er kínverskur veitingastaður.

Svo var komið að skemmtilegasta deginum við skiptum okkur í tvo hópa, stelpur og strákar. Strákarnir byrjuðu á að fara í ribsafarí og stelpurnar fóru á segway, við stelpurnar fórum um alla bryggjuna (þótt við máttum bara vera á sér stæði haha). Þegar við skiptum fóru strákarnir á segway og stelpurnar í ribsafarí, strákarnir gerðu alveg eins og við og voru ekki á þessu sér svæði enda var næstum því keyrt á Guðjón Elí. Svo var komið að heimferð sem var fínt, við hlustuðum á góða tónlist og töluðum saman. Við vorum öll sammála að þetta var geðveik vorferð. 😊

Hildur Helma og Skúli



Snapparinn olinamua



Fullt nafn og aldur? Ólína Ýr Björnsdóttir- 26 ára, 27 ára
2.október.

Í hvaða grunnskóla varst þú? Heiðarskóla

Hvert var upphaldsfagið þitt í grunnskóla?
Heimilisfræði og íþróttir.

Fórstu í nám eftir grunnskólann? Já fór í FS og svo fór
ég í förðunarnám í Snyrtiakademíunni í Kópavogi.

Hvað ert þú að læra/vinna við? Er leiðbeinandi á
leikskólanum Heiðarseli og tek að mér að farða líka.



Af hverju byrjaðir þú að snappa? Byrjaði allt með því
að mig langaði að sýna og kenna öðrum skref fyrir
skref farðanir í gegnum snappið og svo útfra því vildi
fólk sjá meira úr mínu lífi.

Hver er upphaldssnapparinn þinn? Eva Ruza
(evaruza) og BinniGlee (binniglee).

Hvenær fórst þú að hafa áhuga á förðun? Fékk
eiginlega bara mestan áhuga á meðan að ég var að
læra förðunarfræðinginn. Þetta var eitthvað sem að ég
ætlaði mér ekki að læra en ég fór vel út fyrir
þægindarammann og sé alls ekki eftir því í dag!

Hver er upphalds förðunarvaran þín? Ég er mjög
dugleg að prófa allskonar förðunarvörur og kemur oft
ný upphalds, en þessi hefur reyndar verið í dágóðan
tíma og er Laura Mercier Translucent setting þúður
(fæst í sephora).

Skilaboð til útskriftarhóps Grunnskólans í Sandgerði?
Alls ekki vera hrædd við að fara út fyrir
þægindarammann, verið dugleg að prófa nýja hluti! :)





LÍFIÐ EFTIR GRUNNSKÓLA

Ég heiti Salka Lind Reinhardsdóttir og er á raunvísindabraut í Fjölbrautarskóla Suðurnesja, en áður fyrr var ég nemandi í Grunnskólanum Sandgerði. Líf mitt eftir grunnskóla gjörbreyttist. Í Grunnskólanum í Sandgerði þekkjast flest allir alla en í FS var það ekki þannig. Þótt að allir í gamla bekknum mínum færu í FS var ég allt í einu umkringd fólk á mínum aldri sem ég þekkti alls ekki neitt. Ég reyndi að halda tengslum frá grunnskólanum en það var bara þannig að ég var ekki alltaf í tímum með krökkum úr gamla bekknum, eða bara krökkum sem ég þekkti yfir höfuð. Ég þekkti ekki kennara, ekki stuðningsfulltrúa og næstum enga krakka, í 1000 manna skóla. En ég lifði af, einn af kostum FS er að það er mjög létt að kynnast fólk, hvort það er bara í matsalnum eða út af því að kennarinn er að neyða fólk í hópa. Kennslustundirnar sjálfar, voru ekki eins mikið helvíti og kennararnir í grunnskólanum láta þær litu út fyrir að vera. Það eina sem ég þurfti að gera var að hlusta á það sem kennarinn var að segja og mæta. Það er samt miklu meira álag sett á þig því þú berð núna alla ábyrgð á náminu þínu, það er enginn sem stoppar kennslustundina því þú einn átt í erfiðleikum, það þarf allt að halda áfram. Kennslustundirnar eru líka ekki þær sömu hjá öllum nemendum. Vinur þinn gæti verið búinn klukkan 14:00 með tvær eyður einhversstaðar þarna á milli en þú gætir verið búinn klukkan 15:20 með engar eyður. Tímarnir sem þú ert í breytast hverja önn, svo þú gætir verið með lélega stundatöflu núna en á næstu önn gætir þú verið með bestu stundatöflu sem þú gætir ímyndað þér. Ég lærði þetta fljótlega þegar krakkar úr gamla bekknum byrjuðu að tala um stundatöflurnar sínar og sumir urðu frekar fúlir með sínar eftir það samtal. Núna er ég alveg búin að venjast FS. Hvernig það er alltaf nýtt þema hverja einustu viku, hvernig böllin poppa upp eins og blóm á sumri og hvernig allt virkar yfir höfuð. Ég er búin að kynnast nýju fólk og er kominn með frekar traustan vinahóp sem ég gat ekki ímyndað mér að myndi gerast í byrjun skólaárs. Það eru svo margar týpur þarna að ég get ekki talið þær allar upp. Það er alltaf einhver þarna sem þú getur vingast við. Ég myndi mæla með FS. FS er nálægt Sandgerði, það er létt að finna kennslustofurnar (nr. 100 á fyrstu hæð, nr. 200 á annarri, nr. 300 á þriðju) og það er bara létt að komast í rútínu þar. Ég er allavega búin að upplifa mjög skemmtilegan tíma þar og þegar þú útskrifast úr grunnskóla þá getur þú það líka.

Salka Lind Reinhardsdóttir

Skólahreysti 2018



Halldór Ingi, Daði Fannar, Amelía Rún og Kara Petra tóku þátt í skólahreysti 2018 fyrir hönd Grunnskólans í Sandgerði. Ólafur Fannar, Kristján Mark, Ásdís og Ester voru varamenn.



STÓRA

upplestrarkeppnin
í sjöunda bekk 2017 - 2018



Margrét Karítas og Lovísa Ósk
tóku þátt í stóru
upplestrarkeppninni fyrir
hönd skólans.

Vélsmiðja Sandgerðis



Vélsmiðja Sandgerðis ehf



Fiskmarkaður Suðurnesja



SAMHERJI FISKELDI

Hár, snyrti og nuddstofan Spes

og

Nesmúr

styrktu útgáfu Sandkorns 2018

Viðtal við kennara

Nafn: Fríða Stefánsdóttir

Finnst þér gaman að vera kennari? Já virkilega skemmtilegt.

Hvaða kennari er skrítnastur? Hildur.

Af hverju er Hildur skrítnust? Af því að hún kys að búa í Garðinum.

Vildir þú verða kennari þegar þú varst lítil? Nei ég var frekar óþekkur nemandi.

Hvað langaði þér að verða? Forseti Íslands og búðarkona um helgar.

Hvað er uppáhaldsliðið í enska boltanum? Að sjálfsgöðu Man Utd, Cantona er mesta legend sögunnar!

Hvaða dagur finnst þér skemmilegastur á árinu? Afmældisdagurinn minn.

Eitthvað að lokum? Elsku 10. bekkur munið að halda áfram að vera eins og þið eruð, frábær, einlæg og dugleg.... ekki vera fávitar.



Nafn: Hildur Sigfúsdóttir

Finnst þér gaman að vera kennari? Já mjög skemmtilegt.

Hvaða kennari er skrítnastur? Ragga.

Af hverju er Ragga skrítnust? Því hún er norn.

Vildir þú verða kennari þegar þú varst lítil? Nei.

Hvað langaði þér að verða? Rithöfundur.

Hvað er uppáhaldsliðið í enska boltanum? Liverpool ef þú heldur með Man Utd og Man Utd. ef þú heldur með Liverpool.

Hvaða dagur finnst þér skemmtilegastur á árinu? Gamlársdagur.

Eitthvað að lokum? Bursta tennurnar og drekka vatn.



Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Birgitta svarar um Sigríði

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? JB (JB)

Uppáhalds fag? Stærðfræði (stærðfræði)

Afmælisdagur? 1. febrúar (1. febrúar)

Uppáhaldsmatur? Hamborgari (hamborgari)

Draumaprins/draumaprinsessa? Hjallí (Ariana Grande)

Mest pirrandi? Þegar henni er sagt að vera róleg (klöguskjóður)

Uppáhaldslitur? Fjólublár (fjólublár)

Draumastarf? Flugfreyja (flugfreyja)

Uppáhaldskennari? Erla og Vala (Erla)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)

London eða New York? London (London)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Hettupeysa (hettupeysa)

Uppáhaldsfatamerki? Adidas (adidas)



Sigríður svarar um Birgittu

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? JB (JB)

Uppáhalds fag? Íþróttir (textíll)

Afmælisdagur? 8. febrúar (8. febrúar)

Uppáhaldsmatur? Pizza (pizza)

Draumaprins/draumaprinsessa? Ariana Grande (JB)

Mest pirrandi? Þegar einhver skiptir sér af (pikk í borð)

Uppáhaldslitur? Blár (fjólublár)

Draumastarf? Flugfreyja (leikkona eða förðunarfræðingur)

Uppáhaldskennari? Erla (Erla og Vala)


Fótbolti eða körfubolti? Körfubolti (körfubolti)

London eða New York? New York (London)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Hettupeysa (hettupeysa)

Uppáhaldsfatamerki? Adidas (adidas)



Golfklúbbur Sandgerðis - 1986

Kirkjuból

Heimasíða: <http://mitt.golf.is/GSG>

Sími: 423-7802 / 863-7756

245 Sandgerði

E-mail: gsggolf@gsggolf.is

Við munum...

Kæru nemendur. Við höfum verið það heppinn að vera umsjónarteymi ykkar síðustu þrjú ár og séð ykkur breytast frá því að vera lítil og skíthrædd á unglíngastiginu í að vera gengið sem tekur að sér mikilvæg störf í skólasamfélaginu okkar. Þið eruð gríðarlega flottur hópur og getið allt sem þið takið ykkur fyrir hendur. Það eru ótrúlega margar minningar sem við eigum með ykkur og hentum við nokkrum hérna niður á blað.



Við munum:

- ◆ þegar við hittum ykkur fyrst og sagðum ykkur að við ætluðum að verða besta bekkurinn.
- ◆ Þegar við fórum ekki í neitt vorferðalag í 8. bekk heldur lékum okkur fyrir utan skólann, grilluðum, horfðum á mynd og gistum í skólanum.
- ◆ eftir frábrugðnum föstudögum í 8. bekk.
- ◆ eftir ferðinni til Vestmannaeyja þar sem allir voru sjóveikir í bátum og sumir ældu útum allt.
- ◆ eftir símtalinu frá Skúla í Herjólfu.
- ◆ eftir ferðinni okkar á tónleika Ævars vísindamanns og Sinfóníunnar.
- ◆ eftir geggjuðum hrekkjavökubúningum ykkar í 8. bekk.
- ◆ eftir þegar við horfðum saman á hryllingsmyndirnar og sum ykkar skíthráedd.
- ◆ eftir óvæntu afmælisveislunni ykkar.
- ◆ þegar þið tókuð að ykkur frímínútnagæslu í skólanum.
- ◆ Þegar þið breyttuð uppröðunni í matsalnum svo þið gætuð öll setið við sama borð.
- ◆ þegar Úlfar óð í ánni frekar en að bíða í röð til að sjá fossinn Gljúfrabúa í vorferðalaginu.
- ◆ hvað það var skemmtilegt að fylgjast með ykkur skipuleggja og æfa árshátíðaratriðin.
- ◆ eftir Friends atriðinu ykkar á degi íslenskrar tungu.
- ◆ þegar Hulda var alltaf að taka myndband af ykkur í myndatökunum í Eyjum.
- ◆ þegar við fórum í golf.
- ◆ þegar við fórum á Skólalaping og sum ykkar héldu að þið væruð að setja lög.
- ◆ þegar Ástþór borðaði ca. 10.000 hitaeiningar á Roadhouse.
- ◆ hvað þið voruð rosalega fagleg í bingó-unum í 9. bekk.
- ◆ bananabúningana á öskudag. Frábært þema.
- ◆ kökukeppnina á hrekkjavöku.
- ◆ frábærar kynningar frá ykkur í öllum fögum.
- ◆ þegar Helgi þurfti að vera einn með Erni í bíl í óvissuferðinni.





SANDGERÐISBÆR

Varðan - Miðnestorgi 3

245 Sandgerði

Sími 420 7500

Opnunartímar skrifstofu:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 09:30 til kl. 15:00

Netfang; sandgerdi@sandgerdi.is
Veffang: www.sandgerdi.is



Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Ásthildur Ósk Ellertsdóttir

Hún vinnur við tónsmíðar og tónlistarkennslu, útskrifast frá Listaháskóla Íslands með hæstu einkunn og fer í framhaldsnám í konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. Hún verður þekkt fyrir kvikmyndatónlist, giftist og eignast 3 börn. Áhugamál hennar tengjast kvikmyndum, ævintýramyndum.

Ástþór Grétar Pálsson

Verður kvikmyndaleikstjóri í Svíþjóð þar sem hann tekur upp heimildamyndir um Róma fólkið sem þvælist um landið. Hann vinnur til alþjóðlegra verðlauna og ferðast um heiminn. Hann sest að í Ameríku og eignast þar stóra fjölskyldu. Helsta áhugamál hans verður ljóða- og rapptextagerð.

Birta Líf Ólafsdóttir

Fer í FS og lærir sálfræði en þegar hún kemur í háskóla þá lærir hún félagsráðgjöf og fer svo að starfa í félagsþjónustu í hina nýja sveitarfélagi, Sandgerði/Garður. Hún keppir í 200m flugsundi á Ólympíuleikunum og vinnur gullið fyrir íslensku þjóðina. Hún mun eignast hóp barna með sínum heittelskaða.

Daníel Aagaard- Nilsen Egilson

Hann verður atvinnumaður í taekwondo og spilar með hljómsveitinni Of Monsters and Men. Hann flýgur á milli landa til að spila og kærastan fer með honum. Þau setjast svo að á Íslandi og ákveða að ættleiða barn. Hann stofnar skóla og kennir sjálfsvörn, það verður svo mikil ásókn að það safnast bara á biðlista. Spilar á gítar, einu sinni í viku fyrir íbúana í Miðhúsum.

Guðjón Elí Bragason

Guðjón Elí menntar sig í alþjóðalögfræði, starfar fyrir Seðlabankann og verður aðstoðarmaður utanríkisráðherra. Hann eignast danska konu sem starfar fyrir Sameinuðu þjóðirnar, þau rugla saman reitum og stofna heimili á Jótlandi þar sem Guðjón Elí fer að kenna við háskóla í Århus.

Guðjón Sæberg Ómarsson

Guðjón Sæberg stofnar verkstæði þar sem framleiddar verða flautur og bongó trommur. Tónlistarskólinn í Sandgerði verður helsti styrktaraðilinn og stofnar flautu sveit sem slær í gegn á Sandgerðisdögum. Flauturnar verða svo vinsælar að þær verða til sölu í öllum Lundabúðum á landinu. Guðjón eignast maka og 5 börn.

Halldór Ingi Helgason

Hann mun verða parkour kennari og nær miklum frama. Hann flytur til Ástralíu með kærustunni og kennir þar hæfileikaríkustu krökkunum og verður heimsfrægur. Hann flytur svo til Spánar og sest þar að. Hann heldur sýningar á parkour til að byrja með en stofnar svo fyrirtæki þar sem hann selur föt og fylgihluti sem parkour listamenn nota.

Helgi Þorsteinn Arnarson

Hann mun læra allt um tölvur, sérstaklega forritun og leikjagerð. Hann mun búa í Sandgerði þar til hann verður 24 $\frac{1}{2}$ árs gamall. Hann mun svo stofna sitt eigið fyrirtæki, eignast 3 börn og flytur með fjölskylduna til Englands. Áhugamál hans verður hestamennska og tanningar.

Hildur Helma Atladóttir

Fer í FS og lærir þar hárgreiðsluiðn. Hún fær mikinn áhuga á hárkollugerð og leiklistarförðun og fer í Listaháskólann að læra slíka förðun. Hún verður uppgötvuð í Þjóðleikhúsinu og fær mega tilboð frá Hollywood þar sem hún farðar og greiðir frægasta fólki heims í kvikmyndum. Hún giftist amerískum kvikmyndaleikara og þau eignast nokkur falleg börn.

Hildur Ýr Hafsteinsdóttir

Hildur Ýr útskrifast sem fitness - og fimleikapjálfari, flytur til Ameríku og verður forríkur fitnesspjálfari þar. Þjálfar í háskóla og lærir þar barnasálfræði. Flytur svo til Íslands og stofnar fitness stöð fyrir börn. Hún eignast maka sem starfar með henni og þau eignast 4 börn.

Jóhann Sveinbjörn Hannesson

Hann kemst í körfuboltaliðið í Keflavík, þaðan fer hann til USA í háskóla, keppir þar í NBA á meðan hann menntar sig í flugfjarskiptum og verður svo flugumsjónarmaður í Keflavík. Hann mun eignast nokkur börn með sinni heittelskuðu.

Jóhannes Adolf Pétursson

Jóhannes lærir ljósmyndun og verður heimspektur fyrir myndir af fólki og dýralífi. Hann fær alþjóðleg verðlaun fyrir fréttamynd ársins 2024. Hann ferðast um allan heim en sest svo að í Reykjavík með fjölskyldu sinni. Hann mun kenna ljósmyndun í Listaháskóla Íslands.

Karim Djouihel

Fer í hótél- og matvælastólann MK og lærir að verða kokkur. Hann útskrifast með hæstu einkunn og sérhæfir sig í sjávarréttum. Hann kaupir Vitann í Sandgerði og gerir hann að heimspektum veitingastað sem fær 5 Michelin stjörnur. Hann stofnar annan slíkan stað í Frakklandi og nær miklum árangri. Hann eignast maka frá Frakklandi og 2 börn.

María Ashley Pollitt

Fer í framhaldsnám og lærir að verða leikskólakennari og fjölskylduráðgjafi. Hún nær svo góðum árangri í ráðgjöf að það myndast biðlistar til hennar. Hún verður að einbeita sér að fjölskylduráðgjöfinni og er fengin til að halda fyrirlestra, bæði hér heima og erlendis. Hún eignast maka og 6 börn.

María Rós Björnsdóttir

Fer í framhaldsnám á hagfræðilínu. Fer svo í háskólann og lærir hagfræði og lögfræði, fær svo starf seðlabankastjóra við útskrift enda með topp frammistöðu. Hún eignast marga tengiliði út um allan heim og verður vinsæll fyrirlesari um hagstjórn ríkja. Hún eignast maka sem verður heimavinnandi með 3 börn þar sem hún er í svo krefjandi starfi að hún getur ekki sinnt heimili og börnum eins vel og hún vildi. Hún verður með frímerkjasöfnun að áhugamáli og verður komin með stórt safn frímerkja sem vinsælt verður að fá lánað á sýningar.

Sesselja Sóley Siljudóttir

Sóley klárar framhaldsskóla og fer til Reykjavíkur í frekara nám, lærir snyrtifræði og hárgreiðslu. Henni finnst gaman að vinna að snyrtingu og sérhæfir sig í fót snyrtingu og naglaásetningu. Það verða biðlistar fólks úr listaheiminum og íþróttahheiminum í fót snyrtingu til hennar. Hún giftir sig og eignast 9 börn.

Skúli Guðmundsson

Hann fer á íþróttabraut í framhaldsskóla og fær svo skólstyrk í góðan háskóla í Ameríku. Hann verður atvinnumaður í körfubolta og giftist frægri fyrirsætu og þau eignast 2 börn. Hann stofnar svo íþróttavöruslun sem verður að stórri verslunarkeðju með útibú á Íslandi.

Úlfar Þór Bjarkason

Úlfar klárar framhaldsskóla og fer að vinna í Bílabúð Benna. Hann græðir mikla peninga í verslun og kaupir bílabúðina fyrir rest. Veltan eykst og hann efnast svo vel að hann kaupir sér höll. Hann eignast 7 börn enda nóg húspláss hjá honum. Áhugamál hans verður pílukast þar sem hann nær mikilli færni og vinnur til verðlauna.

Viktor Arnberg Óðinsson

Viktor klárar fjölgreinabraut í FS og fer í háskólann að læra læknisfræði, fer svo til Danmerkur og lærir að verða dýralæknir. Hann stofnar hundahótel sem verður í fremstu röð og færir honum heilmikla peninga. Hann eignast konu og 50 hunda.

Pórey Elírós Eypórsdóttir

Klárar fjölgreinabraut FS sálfræðilínu og lærir svo barnasálfræði í Háskóla Íslands. Hún verður rosalega fær sálfræðingur og er leitað til hennar alls staðar að. Hún giftist flottum lögmanni og saman eignast þau 3 börn. Áhugamál hennar verða ljósmyndun og að púsla, púslar oft myndir sem hún býr til.

Pórsteina Pöll Árnadóttir

Klárar framhaldsskóla og fær skólustyrk frá virtum fótboltaskóla í Ameríku. Hún verður atvinnumaður í fótbolta. Hún hættir svo sem fótboltamaður og verður stærðfræðikennari. Hún eignast mann og þau eignast 4 börn. Pórsteina dundar sér við að safna servíettum í frístundum og mun eiga heilmikið safn af þeim.

Pórunn Hafdís Ævarsdóttir

Pórunn fer í fjölgreinadeild FS og á sálfræðilínu. Hún fer í háskóla og lærir sálfræði, opnar stofu og verður með sálfræðimeðferðir fyrir börn. Meðfram þessu starfi verður hún leikritaskáld. Hún giftist sínum heittelskaða og þau eignast 4 börn.

Örn Ísak Jóhannesson

Lýkur námi á matreiðslu, dúxar sem kokkur og fær starf á besta stað í Reykjavík. Hann verður ósáttur við yfirmann varðandi matseðil, segir upp og stofnar finan veitingastað, eins konar klúbb sem fólk þarf að vera meðlimir í til þess að mega koma þangað að borða. Flytur svo til Ameríku og opnar þar svona Country Club. Hann eignast ameríska konu og þau eignast 3 börn. Helsta áhugamál hans verður að spila bridge og sækir hann spilaklúbb einu sinni í viku.

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Daníel svarar um Halldór

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Creed (Linkin Park)

Uppáhalds fag? Íþróttir (íþróttir)

Afmælisdagur? 24/7 (24/7)

Uppáhaldsmatur? Pizza (lemon)

Draumaprins/draumaprinsessa? Daníel (Viktor Óskar)

Mest pirrandi? Daníel (Daníel)

Uppáhaldslitur? Svartur (blár)

Draumastarf? Kokkur (kokkur)

Uppáhaldskennari? Íris (Íris)

Fótbolti eða körfubolti? Körfubolti (körfubolti)

London eða New York? London (New York)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Peysa (peysa)

Uppáhaldsfatamerki? Supreme (supreme)

Halldór svarar um Daníel

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Bítlarnir (John Lennon)

Uppáhalds fag? Íþróttir (íþróttir)

Afmælisdagur? 7. febrúar (7. febrúar)

Uppáhaldsmatur? Pasta (KFC)

Draumaprins/draumaprinsessa? Halldór (Halldór)

Mest pirrandi? Halldór (Halldór)

Uppáhaldslitur? Blár (svartur)

Draumastarf? Kokkur (kokkur)

Uppáhaldskennari? Íris (Íris)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)

London eða New York? London (London)

Svartur eða hvítur? Hvítur (svartur)

Uppáhaldsflík? Peysa (peysa)

Uppáhaldsfatamerki? Supreme (supreme)



Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Viktoría svarar um Krístrúnu

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? BTS (Zara Larson)

Uppáhalds fag? Íslenska (enska)

Afmælisdagur? 1. febrúar (1. febrúar)

Uppáhaldsmatur? Núðlur (McDonalds)

Draumaprins/draumaprinsessa? Veit ekki (V/
Taehyung)

Mest þirrandi? Aukahljóð (aukahljóð)

Uppáhaldslitur? Blár (fjólublár)

Draumastarf? Dýralæknir (Heikkona)

Uppáhaldskennari? Kolla (Kolla)

Fótbolti eða körfubolti? Körfubolti (körfubolti)

London eða New York? London (London)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Húfa (hettupeysa)

Uppáhaldsfatamerki? Nike (nike)



Krístún svarar um Viktoríu

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Beyonce (Ed Sheeran)

Uppáhalds fag? Íþróttir (íþróttir)

Afmælisdagur? 1. apríl (1. apríl)

Uppáhaldsmatur? Kjöt (McDonalds)

Draumaprins/draumaprinsessa? JóiP (Zac Efron)

Mest þirrandi? Þegar aðrir halda að þeir hafi rétt fyrir sér (Björgvin)

Uppáhaldslitur? Blár (svartur)

Draumastarf? Hárgreiðslukona (hárgreiðslukona)

Uppáhaldskennari? Valdís og Kolla (Kolla og Valdís)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)


London eða New York? New York (New York)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Peysa (náttföt)

Uppáhaldsfatamerki? Nike (nike)

VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG SANDGERÐIS



STOFNAÐ

27. OKTÓBER 1929

Hversu vel þekkir þú SYSTUR þína?

Harpa svarar um Hafdís

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Helgi Björns (John Denver)

Afmælisdagur? 28. nóvember (28.nóvember)

Uppáhaldsmatur? Reyktur lundi (reyktur lundi)

Draumaprins/draumaprinsessa? Bjarni (Bjarni)

Mest þirrandi? Þegar hlutirnir ganga ekki upp (óstundvísí)

Uppáhaldslitur? Grænn og brúnn (brúnn og grænn)

Draumastarf? Skólaliði (starfið sem hún er í)

Uppáhalds nemandi? Hildur Helma (allir)

Fótbolti eða körfubolti? Hvorugt (hvorugt)

London eða New York? London (London)

Svartur eða hvítur? Svartur (hvítur)



Hafdís svarar um Hörpu

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Helgi Björns (Helgi Björns)

Afmælisdagur? 29. ágúst (29.ágúst)

Uppáhaldsmatur? Gellur (gellur)

Draumaprins/draumaprinsessa? Veit ekki (Árni)

Mest þirrandi? Drasl (þegar hlutirnir ganga ekki upp)

Uppáhaldslitur? Grár og hvítur (hvítur og grár)

Draumastarf? Skólaliði/umönnunarstöf (skólaliði)

Uppáhalds nemandi? Allir (Skúli)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)

London eða New York? London (London)

Svartur eða hvítur? Hvítur (hvítur)

Kærustuparið

Hvað eruð þið búin að vera lengi saman? Í 2 og hálf ár.

Hver er kosturinn við að vera í sambandi? Það er alltaf einhver til að tala við og þú ert aldrei bara einn.

En gallinn? Enginn.

Hvað gerir þið þegar þið eruð saman? Chilla, youtube.

Hvenær var fyrsti kossinn? Á Sandgerðisdögum 2015 og hann var mjööööög vandræðalegur.

Hvað eigið þið sameiginlegt? Elskum bæði íþróttir og eigum sameiginlega vini. Einnig erum við bæði mjög skemmtileg.


Hvort ykkar splæsir oft? Jafnt bara.

Hvenær á Birta afmæli? 5. apríl (rétt svarað).

Hvenær á Jóhann afmæli? 25. september (rétt svarað).

Hver er uppáhaldsmatur Birtu? Taco (rétt svarað).

Hver er uppáhaldsmatur Jóhanns? Kjúklingaborgari á KFC (rétt svarað).



Hver segir hvað?



Ásthildur: Án djóks




Ástþór: Gaur

Birta Líf: Við eigum eftir að mæta í framhaldsskóla og kunna ekki neitt.



Daníel: Æji fuck *Air drummer.

Guðjón Elí: Nehh. Er að fokka í þér.



Guðjón Sæberg: Ég veit það ekki. *Lyftir öxlum.



Halldór: Nei djók.






Helgi: iiiihhhh




**Hildur Helma:
Jesússs!**




Hildur Ýr: Bíddu...ha?



Jóhann: What?



**Jóhannes: Mamma
þín.**



**Karim: I really need
my cup of coffie.**



**María Ashley: Í
alvörunni.**



María Rós: Wadd?



**Sóley: Hvar eru
heyrnartólin?**



**Skúli: Þetta meikar
ekki sens.**



Úlfar: Alnæmi.



Viktor: Uuuuuuu




Þórey: Bíddu ha?



Þórsteina: Chillaðu.



Þórunn: Skiluru.



Örn: Fuck.

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Kristján svarar um Óla

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Kanye West (Kanye)

Uppáhalds fag? Íþróttir (íþróttir)

Afmælisdagur? 24. apríl (24. apríl)

Uppáhaldsmatur? Pizza (pizza)

Draumaprins/draumaprinsessa? Aþena (Aþena)

Mest pirrandi? Að tapa (tapa)

Uppáhaldslitur? Svartur (blár)

Draumastarf? Atvinnumaður í fótbolta (íþróttakennari)

Uppáhaldskennari? Aþena (Aþena)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)

London eða New York? New York (New York)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Hettupeysa (hettupeysa)

Uppáhaldsfatamerki? Nike (Nike)

Óli svarar um Kristján

Spurning—svar (rétt svar)

Uppáhalds söngvari? Bruno Mars (Bruno Mars)

Uppáhalds fag? Íþróttir (íþróttir)

Afmælisdagur? 8. apríl (8. apríl)

Uppáhaldsmatur? Pizza (pizza)

Draumaprins/draumaprinsessa? Aþena (Aþena)

Mest pirrandi? Að tapa (að tapa)

Uppáhaldslitur? Blár (svartur)

Draumastarf? Fótboltamaður (atvinnumaður í fótbolta)

Uppáhaldskennari? Aþena (Aþena)

Fótbolti eða körfubolti? Fótbolti (fótbolti)

London eða New York? New York (New York)

Svartur eða hvítur? Svartur (svartur)

Uppáhaldsflík? Hettupeysa (hettupeysa)

Uppáhaldsfatamerki? Nike (Nike)



Myndir





1997 **20** 2017

SKINN

fiskur ehf



**Framúrskarandi
fyrirtæki**